



Reykjavík, 10. mars 2026
MSS26020043

Forsætisnefnd

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að veita ungmennum á aldrinum 13-18 ára bókastyrk

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. mars 2026 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 11. febrúar 2026, þar sem svohljóðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, sbr. 6. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 10. febrúar 2026, er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að veita ungmennum á aldrinum 13-18 ára, 15 þúsund króna styrk til bókakaupa árlega. Tillagan kæmi til framkvæmda 1. janúar 2027.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var felld.

Magnús Sigurður Jónasson og Ása Kristín Einarsdóttir tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Samstarfsflokkarnir hafa kannað hver kostnaðurinn væri af því að veita ungmennum á aldrinum 13-18 ára, 15 þúsund króna styrk til bókakaupa árlega. Kostnaðurinn væri um það bil 110 milljónir. Samstarfsflokkarnir taka undir með ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að það sé mikilvægt að hvetja ungmenntu til yndislesturs. Í samstarfsyfirlýsingu Samfylkingar, Pírata, Sósíalistasflokksins, Flokks fólksins og Vinstri grænna segir „Auknum fjármunum verður veitt til skólabókasafna til að stórefla og glæða lestraráhuga barna.“ Síðastliðið haust var samþykkt tillaga um að auka fjármagn til skólabókasafna. Haldin var Barnabókamessa í samstarfi við Félag íslenskra bókaútgefenda. Á messunni var lögð áhersla á að kynna nýjar íslenskar barna- og ungmennabækur fyrir fulltrúum skólasafna grunnskóla og leikskóla borgarinnar og þeim tryggt viðbótarfjármagn til að kaupa nýjar bækur að eigin vali á messunni fyrir bókasöfn starfsstöðva sinna á sérstöku kynningarverði. Samstarfsflokkarnir telja þessa leið vænlegri þ.e. er að bæta bókakost skólabókasafna borgarinnar og að það muni nýtast fleiri ungmennum frekar en það að veita hverju og einu ungmenntu styrk til bókakaupa.



Reykjavík



Áheyrnarfulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna lagði fram svohljóðandi bókun:

Leiðinlegt er að tillaga fulltrúa ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um styrki til bókakaupa sé neitað. Slíkur styrkur er mikilvægur liður í að hvetja til lesturs ungmenna. Það að geta keypt sér sína eigin bók er mikilvægt sérstaklega ef maður finnur bók sem mann langar að lesa oft. Oft þurfa ungmenni líka að kaupa sínar eigin námsbækur og getur það verið mjög dýrt. Ef styrkur til þessara kaupa er lagður á þá mun það létta til muna á fátækum fjölskyldum.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri

Samrit:
Ungmennaráð Reykjavíkur



Reykjavík